

# Valgreinar haust 2022

8. - 10. bekkur



**Varmahlíðarskóli**  
**haust 2022**

# Námsval á haustönn 2022

## Nemendur í 8. – 10. bekk.

Ágætu nemendur, foreldrar og forsjáraðilar.

Í þessu hefti er að finna upplýsingar um þau valnámskeið sem í boði verða haustið 2022.

Hér er að finna lýsingu á valgreinum. Nemendum hefur verið send könnun þar sem þeir velja fyrir haustönn.

**Valið fer þannig fram:**

- Nemendur fá sendan tölvupóst á sitt skólanetfang. Þar opna þeir valblað og velja fyrir hvern vikudag.
- Nemendur merkja 1 við þá valgrein sem þeir vilja helst og svo koll af kolli.

**Hver nemandi þarf að velja eina verkgrein og eina listgrein á skólaárinu.**

<b>Mánudagur</b> kl. 13:20-14:50 8. - 10. bekkur	<b>Þriðjudagur</b> kl.10:10-11:30 8. - 10.bekkur	<b>Miðvikudagur</b> kl. 10:10-11:30 8. - 10. bekkur	<b>Fimmtudagur</b> kl. 10:10-11:30 8. - 10. bekkur
Tónlistarval - SG	Jákvæð sálfræði KG	Bakstur SJH <b>Hámark 12</b>	Þrívíddarhönnun UES
Íþróttaval SHE	Málmsmíði EÖE <b>Hámark 5</b>	Málmsmíði EÖE <b>Hámark 5</b>	Fjölmiðlun Podcast SG
UTN UES <b>Einungis fyrir</b> <b>10. b.</b>	Skólahreysti SHE	Hönnun og smíðar ÞHJ <b>Hámark 12</b>	Franska HMP
	Matur og menning SJH <b>Hámark 12</b>	Textíll ÞH	

# LÝSING Á NÁMSKEIÐUM

## Heimilisfræði, bakstur: Haustönn

**Kennari:** Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

**Markmið:** Nemendur þjálfist í mismunandi baksturs aðferðum, sjálfstæðum vinnubrögðum, geti tileinkað sér samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og bakstri. Kynnst ýmsum tegundum hráefnis og geti nýtt það sem best og einnig ýmsum aðferðum við bakstur.

**Viðfangsefni:** Gerbakstur, hrært deig, hnoðað deig, þeytt deig. Flétta inn í næringarfræði og matvælafræði ef tími er til.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

## Heimilisfræði, matur og menning: Haustönn

**Kennari:** Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

**Markmið:** Nemendur kynnast mismunandi matreiðslu frá mismunandi löndum s.s.austurlensk, ítölsk, indversk og norræn matargerð. Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum, geti tileinkað sér samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnst ýmsum tegundum hráefnis og geti nýtt það sem best. Geti nýtt hina ýmsu miðla við að finna uppskriftir og aðferðir.

**Viðfangsefni:** Kjöt, fiskur, pasta, eftirréttur og fleira. Flétta inn í næringarfræði og matvælafræði ef tími er til.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

## Málmsmíði

**Kennari:** Einar Örn Einarsson

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur hanna og vinna verkefni úr málmi. Unnir eru hlutir þar sem gamlar skeifur eru þússaðar og soðnar saman og unnið úr þeim. Dæmi um málma: Kopar, eir, messing, ryðfrítt stál. Stefnt er að því að nemendur öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og geti hannað og smíðað hlut og valið til þess efni og viðeigandi verkfæri.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Jákvæð sálfræði

**Kennari:** Kristvina Gísladóttir

**Helstu markmið og viðfangsefni:** Nemendur verða kynntir fyrir aðferðum jákvæðrar sálfræði sem hægt er að nota til að auka hamingju og velferð. Nemendur munu vinna ýmiss verkefni og gera æfingar tengdar styrkleikum, vellíðan og núvitund.

**Námsmat:** Símat og verkefni.

## Tónlistar - og tónmenntaval

**Kennari:** Sara Gísladóttir

**Markmið:** Nemendur kynnist hinum margvíslegu straumum og stefnum í tónlist sem hafa verið í tónlistarlífinu. Einnig kynnast nemendur margvíslegum hljóðfærum, fá tækifæri til að nýta rödd sína í söng og læra að syngja saman í takt. Nemendur vinna heimildavinnu um sína uppáhalds tónlistarstefnu og/eða tónlistarmann/konu og kynna. Kórsöngur verður í boði í valinu þar sem sungin verða vel valin lög með undirleikara.

**Viðfangsefni:** Tónlistarstraumar og stefnur, heimildavinna og skapandi skil, ýmiss konar hljóðfæri og söngur.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Podcast - fjölmiðlun

**Kennari:** Sara Gísladóttir

**Markmið:** Nemendur kynnast ólíkum stílbrigðum hlaðvarps og læri undirstöðuaðferðir í hljóðvinnslu og uppbyggingu hlaðvarps og geri sitt eigið hlaðvarp (podcast). Nemendur geti hagnýtt sér þekkingu og leikni sína og unnið frekar sjálfstætt í gerð hlaðvarps. Nemendur þjálfast í að búa til hljóðmynd (foley) sem passar við umfjöllunarefni. Nemendur læri að afla sér upplýsinga og miðla á skapandi hátt. Einnig fá nemendur að kynnast heim fjölmiðla og fréttamennsku og gera verkefni út frá því.

**Viðfangsefni:** Hljóðmyndir, hlaðvörp, heimildarvinna, hljóðvinnsla, skapandi skil.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Franska

**Kennari:** Hrund Malín Þorgeirsdóttir

**Helstu markmið og viðfangsefni:** Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum tungumálsins og því sem Frakkland hefur upp á að bjóða. Nemendur prófa sig áfram í framburði, hlustun, tali og frönskum orðaforða. Fjallað verður um Frakkland; franska menningu, sögu, mat og frönskumælandi málsvæði. Nemendur munu vinna eitt lokaverkefni og þurfa þar að kynna sér landið og skipuleggja “draumaferð” þangað.

Notast verður við efni á netinu, Duolingo og ýmiskonar annað ítarefni, t.a.m. tónlist og vinnublöð. Horft verður á eina franska kvikmynd.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í kennslustundum. Áhersla lögð á mætingu, vinnusemi í kennslustundum sem og virkni í Duolingo.

## Skólahreysti

**Kennari:** Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

**Helstu markmið og viðfangsefni:**

- Stöðvaþjálfun og skólahreystiþrautirnar reyndar reglulega.
- Farið er í styrktaræfingar fyrir alla vöðvahópa líkamans.
- Fræðsla um þol, kraft og styrk.
- Leikir eru fléttaðir inn í hvern tíma í upphitun.
- Fræðsla um vöðvana, hlutverk, æfingar og teygjur.
- Fræðsla um púlsmælingar og hvernig er hægt að nýta hann í þjálfun.
- Teygjur og slökun í lok tíma þar sem nemendur fá að stjórna til skiptis.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Íþróttaval

**Kennarar:** Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

**Helstu markmið og viðfangsefni:**

- Allar algengustu hópíþróttagreinar teknar fyrir.
- Farið í grunnæfingar líkamsræktar, stöðvaþjálfun og lært á tæki í tækjasal.
- Fræðsla um þol, styrk og kraft og mismunandi áherslur í þjálfun.
- Að nemendur geri sér grein fyrir því að mataræði og hvíld hafa áhrif á líkamlega getu í líkamsrækt.
- Prófa að láta tvo nemendur í einu skipuleggja og stjórna hluta af tímunum.

**Námsmat:** Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Hönnun og smíðar

**Kennari:** Þuríður Helga Jónasdóttir

**Helstu markmið:** Nemendur læri að vinna með hugmynd og teikna í mælikvarða svo hægt sé að smíða. Nemendur nýti sér verkfæri og aðstöðu í smíðastofu á ábyrgan hátt. Nemendur læri grundvallaratriði í sketchup teikniforriti.

**Viðfangsefni:** Nemendur hanna, teikna og smíða borðlampa og nota til þess timbur úr stofunni eða skóginum eða annað efni í samráði við kennara. Velja þarf form, samsetningu og yfirborðsmeðferð. Eftir að borðlampinn er tilbúinn er hægt að velja að smíða hlut að eigin vali í samráði við kennara. Þeir nemendur sem þegar hafa gert lampa velja sér annað verkefni í samráði við kennara.

**Námsmat:** Símat þar sem metin er vinnusemi, hegðun og frumkvæði 50%. Vinnubrögð og verkefnaskil 50%

## Textílmennt (endurnýting, fatasaumur og blandaðar textílaðferðir)

**Kennari:** Þyreya Hlífarsdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- Skipuleggi eigin vinnuferli út frá hugmyndavinnu, umræðum og stöðugu mati á eigin vinnu.
- Læri að beita réttum vinnubrögðum og meðhöndla áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.
- Kynnist sjálfbærni og endurnýtingu í textílmennt og læri hvernig hægt er að endurnýta textílefni.
- Þekki fjölbreytt vinnubrögð í textílmennt.
- Læri að lesa og vinna eftir uppskriftum.

Dæmi um viðfangsefni, bundið val: Endurnýting, vélsaumsverkefni, val um að gera flík eða nytjahlut sem unnin er úr endurnýtanlegum efniviði. Þrjón, flík eða nytjahlutur þrjónað eftir uppskrift.

Dæmi um viðfangsefni, val: fatasaumur að eigin vali, t.d. leggings, peysa, buxur, kjóll, barnaföt, smíðasvunta, húfa, náttbuxur, stuttermabolur. Önnur viðfangsefni t.d. púðar, dúkar, töskur, vöggusett, ípadhulstur, teppi, þrjón, hekl-/útsaumur.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

## Upplýsingatækni – UPPT1UT05 – Fyrir nemendur í 10. bekk, kennt allt skólaárið.

**Kennari:** Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

**Markmið:** Nemendur kynnist almennri notkun á PC-tölvum. Skjalavistun, Word, Excel, PowerPoint. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

**Námsmat:** Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum og skil á verkefnum. Skilaskylda er á öllum verkefnum. Þau eru metin með reglulegu millibili. Próf úr Word í desember og samþættingu Word og Excel í maí. (Áfanginn er metinn inn í flest alla framhaldsskóla).

## Þrívíddarhönnun

**Kennari:** Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

### Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
- geti tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir
- geti beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt.
- sýni frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- geti tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.

Nemendur kynnast forritinu Tinkercad þar sem þeir hanna hluti í þrívídd og prenta út. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

**Námsmat:** Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og skil á verkefnum.